

L Ö G

um læknishéraðasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 24. gr. laga um skipun prestakalla og prófasts-dæma og um kristnisjóð nr. 35 9. maí 1970, hef látið fella niður 5. gr. úr lögum um læknishéraða- og prestakallasjóði nr. 98 19. júní 1933 og gef þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um læknishéraðasjóði.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta til þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða lækniþróun, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til lækniþróunar eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

Gjört í Reykjavík, 24. júlí 1970.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.